

Nr. 016 / 14 Maron GK 522***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 0363
Smíðaður: Zaandam Hollandi 1955, stál
Stærð: 80,6 brl. 91,99 bt.
Mesta lengd: 24,60 m *Skráð lengd:* 21,96 m
Breidd: 5,6 m *Dýpt:* 2,75 m
Vél: Cummins 1986, 400 kW
Fjöldi skipverja: 6



Maron©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. janúar 2014 var Maron GK 522 á netaveiðum á Faxaflóamiðum. Veður: NA 2-4 m/sek.

Skipverji var að gera teinaklárt milli spils og rúllu þegar krókur festist í hægri hönd hans með þeim afleiðingum að hann fékk djúpan skurð.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki hafa tekið eftir króknum sem krækst hafði í gegnum flotteininn og þess vegna hafi hann tekið óhikað um flotteininn til gera teinaklárt eins og venjulega er gert þegar snúningur kemur inn á úrgreiðsluborðið;
- að krókurinn var venjulegur fiskilínu krókur.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.